

Nr. 23-011 S 008 Pálína Þórunn GK 49**Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 2449
IMO; 9226475
Smíðaður: Kína 2001, stál
Útgerð: Nesfiskur ehf.
Stærð: 327 BT.
Mesta lengd: 28,62 m Skráð lengd: 26,04 m
Breidd: 9,17 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Caterpillar 448 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 12



Pálína Þórunn @ Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA


Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. febrúar 2023 var Pálína Þórunn GK-49 að togveiðum út af Sandgerði. Veður: SV 10-12 m/sek.

Kl. 17:00 festist trollið í botni. Þegar byrjað var að hífa varð trollið laust en annar togvírinn hafði slitnað. Þegar trollið var komið upp var lengjan tekin inn fyrir en belgurinn og annar hlerinn voru þá enn í sjónum. Ákveðið var að taka pokann inn fyrir og hafa fótreiði, hlera og grandara fasta á meðan en þá sogaðist pokinn aftur með skipinu og í skrúfunu. Við það dró niður í vélinni og virtist sem hún hafi drepit á sér sem þó var ekki raunin.

Mikill reykur gaus upp og var þegar haft samband við Landhelgisgæsluna vegna hugsanlegs elds í vélarúmi. Yfirvélstjóri, sem staddur var við hífingar í brú, fór niður í vélarrúm og sá reyk koma frá girnum. Fór hann aftur upp í brú og tók á sig reykköfunartæki. Í framhaldi fór hann aftur niður í vélarúmið og gekk úr skugga um að ekki var um eld að ræða. Vélavörður beið með reykköfunartæki í stakkageymslunni og setti þau á sig þegar honum var farið að lengja eftir yfirvélstjóranum. Ekki kom þó til þess að hann færi niður. Eftir að yfirvélstjórinn kom upp aftur var aðstoð Landhelgisgæslunnar afturkölluð. Sigurfari GK var fenginn til að draga Pálínu í land en skipið átti eina og hálfu klukkustunda siglingu til Pálínu. Komu skipin til hafnar kl. 04:30.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

Nefndarálit:

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Á meðan á reykköfun vélstjórans í vélarrúmi stóð var ekkert samband við hann, hvorki frá skipstjóra né vélaverði.
- Þegar vélavörð skipsins var farið að lengja eftir vélstjóranum setti hann á sig reykköfunartæki og gerði sig tilbúinn til að fara niður í vélarrúm.
- Ekki kom til þess að vélarvörður færi niður í vélarrúm.
- Reykköfunartæki var skoðað og virkaði eins og til var ætlast.
- Aðalvél var keyrð 120 þúsund tíma.
- Kúplingin var sennilega tekin upp 2015-2016.
- Um borð voru tvö reykköfunartæki af gerðinni Fenzy.
- Í heildarlista skoðana Samgöngustofu kemur ekki fram hvort um borð hafi verið öryggishandbók fiskiskipa.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að gír bilaði eftir að veiðarfærið fór í skrúfunu.

Mikilvægar ábendingar:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa minnir á að aldrei skuli einn maður fara reykköfun.

Lokaskýrsla afgreidd 12. desember af Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssýni og Jóni Finnbjörnssyni.